

Langan tíma dvaldi hann í Brazílu, Patagoníu og vestanvert í álfunni. Á þessu ferðalagi safnaði hann ógrynnum af allskonar fróðleik og er álit hans sjálfs það, að hefði hann aldrei farið, hefði hann aldrei komist á hálfa leið í vísindastarfi sínu.

Prem árum eftir heimkomu sína kvongaðist hann frændkonu sinni. Enimu Wedgewood, 29. Jan. 1839. Settist hann þá fyrst að í Lundúnum, en sökum þess að heilsa hans, er jafnan hafði verið léleg, fór nú að bíla fyrir alvöru flutti hann á burtu úr höfuðstaðnum og settist að í smáþorpinu Down, og bjó þar frá 1842 til dauðadags, eða sem næst í 40 ár. Þar samdi hann allar sínar vísinda bækur, þar fullkomnaði hann sitt æfistarf. Árið 1841 segir hann í bréfi: „Faðir minn á ekki von á að eg nái sterkri heilsu í nokkur ár, þó hefi eg einskis framar að óska en ná fullri heilsu, svo eg geti gefið mig við starfi því er eg hefi hugsað að verja til allri minni æfi.“

En með því að taka sig upp og flytja sig á afskekktan stað varð honum meira að verki en áhorfðist. Hann setti sér snemma að hagnýta hverja stund, og varð honum það ekki lítið til hjálpar. Þau hjón voru bæði frábitin samkvæmislífi og það fyrstu árin, meðan þau dvöldu í Lundúnum. Hann segir í bréfi: „Við höfum yfirgefið alt samkvæmis líf, það á við hvorugt okkar.“

Í jafn sundurlausu ágripi og þessu er ekki kostur að fara farlega út í æfiatriði og starf þessa ágætismanns, en útdrátt úr lýsingu af hversdagslífi hans viljum vér setja eftir því sem syni hans segist frá.

Á yngri árum virtist hann meir en meðal maður á hæð, en hann varð snemma lotinn og ágjörðist það með aldri. Aldrei var hann liðlega vaxinn og grannholda var hann ætíð, en þolinn og fylginn sér framan af árum. Í göngulagi var hann langstígur. Ör gat hann verið í hreyfingum. Hár og skegg lét hann vaxa, og varð hvortveggja allsnemma grátt. Sköllóttur varð hann snemma æfi. Hann var rjóður í andliti og var það því margra hugboð að heilsa hans væri betri en hún var. Augun voru blágrá og brýrnar miklar og slúttu fram. Ennið bárótt, að öðru leyti var andlitið slétt. Í klæðaburði var hann engi